



## **Kveðja frá forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni**

Flutningur Íslendinga til Vesturheims á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu var merkur viðburður í Íslandssögunni. Ný tækifæri opnuðust og nýtt landnám Íslendinga í öðrum heimshluta. Jafnframt tengdust þessir flutningar í ríkum mæli erfiðleikum sem þjóðin átti við að etja í heimalandinu.

Íslendingum þykir flestum sérstakt og ánægjulegt til þess að vita að margir frændur þeirra og frænkur í Vesturheimi vilji halda sambandi við „gamla landið“ og það eru líka margir á Íslandi sem vilja halda þessum fjölskyldu- og þjóðartengslum lifandi. Snorraverkefnið, framtak sem fól í sér markvissa vinnu til að efla þessi tengsl, féll því í góðan jarðveg beggja vegna hafsins, bæði meðal Vestur-Íslendinga og Íslendinga á Íslandi.

Það var árið 1999 sem Snorraverkefnið hófst þegar 19 ungmenni af íslenskum ættum í Norður-Ameríku komu til Íslands til nokkurra vikna dvalar. Þetta unga fólk dvaldi einhvern tíma hjá ættingjum sínum og hafa nú rúmlega þrjú hundruð ungmenni lagt land undir fót á vegum verkefnisins.

Árið 2001 var Snorri West verkefninu svo ýtt úr vör. Það fól í sér að íslensk ungmenni dvöldu í Manitoba í Kanada og nokkrar vikur og ferðuðust um slóðir íslensku frumbyggjanna. Nú skilst mér að um 90 íslensk ungmenni hafi tekið þátt í þessu verkefni.

Samskipti af þessu tagi eru til fyrirmyndar: þau auka skilning milli þjóða, minna okkur á rætur okkar í fortíðinni og kannski líka þá lærdóma sem sagan getur kennt okkur.

Við Eliza vorum svo heppin að fá að heimsækja Íslendingaslóðir í Manitoba nú í sumar og var mjög ánægjulegt að fá þar tækifæri til að hitta fjölmargt fólk af íslensku bergi brotnu og fræðast um hlutskipti margra þeirra sem fluttu vestur um haf á sínum tíma.

Einnig minnst ég skemmtilegra stunda með ungmennum í Snorraverkefninu þegar ég kenndi sagnfræði við Háskóla Íslands og fékk að fræða þau um sögu landsins og samtíð.

Mér er ánægja að óska öllum þeim sem staðið hafa að Snorraverkefninu til hamingju með þennan áfanga, þann árangur sem þið hafið náð í að lífga og efla tengslin milli Íslendinga og ættingja okkar og vina í Vesturheimi.